



Varðandi: Búnaðar- og áhaldakaup 2015

Málsnúmer: 1411073

Dagsetning: 10. mars 2015

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir kaup á felliborði og tólf stólum fyrir leikskólann Vallarsel að fjárhæð kr. 300.000.

Fjármununum verður ráðstafað af liðnum viðhald áhalda 20830-4660.

GREINARGERÐ:

Í erindi til bæjarstjóra leggur deildarstjóri f.h. sviðsstjóra skóla- og frístundsviðs til að fallist verði á beiðni forstöðumanns leikskólans Vallarsel um úthlutun úr tækjakaupasjóði til kaupa á felliborði og tólf stólum en samkvæmt tilboði sem liggur fyrir er kostnaðurinn samtals kr. 299.900.

Samkvæmt erindi leikskólastjórans er fjöldi barna á deildinni Lundur alls 31 talsins og undanfarin ár hefur fjöldinn þar verið á bilinu 30 til 34. Skipulag deildarinnar gerir hins vegar ráð fyrir að fjöldinn sé 26 til 27 og til að mæta þessum aukna fjölda barna myndi umrætt felliborð og stólar skapa nauðsynlegt leik- og vinnupláss fyrir börn og starfsmenn.

Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til meðfylgjandi erinda gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

Fjármunum verði ráðstafað af liðnum viðhald áhalda 20830-4660 en til ráðstöfunar þar eru kr. 15.893.000 að teknu tilliti til úthlutunarinnar nú.

Regína Ásvaldsdóttir,
bæjarstjóri